Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til bæjarráðs

Kópavogi, 3. janúar 2023
2212594/102.27 SÞ

Varðar: Rekstur dagseturs fyrir heimilislausa

Á fundi bæjarráðs Kópavogsbæjar þann 22. desember 2022 var tekið fyrir erindi Hjálpræðishersins dags. þann 14. desember 2022 er varðar aðkomu sveitarfélagsins að rekstri dagseturs fyrir heimilislausa. Hjálpræðisherinn rak um árabil dagsetur en starfsemin lagðist af þegar húsnæðið sem var nýtt undir starfsemina var selt. Bæjarráð vísaði erindinu til umsagnar velferðarsviðs.

Þjónusta velferðarsviðs Kópavogsbæjar við heimilislausa einstaklinga

Íbúar með lögheimili í Kópavoginum sem eru heimilislausir nýta sér þjónustu gistiskýla á vegum Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Velferðarsvið Kópavogsbæjar greiðir gistináttagjald til Reykjavíkur sem er rúmlega 20.000 krónur nóttin á einstakling. Að jafnaði eru um 10 einstaklingar á mánuði sem nýta sér gistiskýlin en gistinætur á hvern einstakling eru mismunandi. Í nóvember 2022 greiddi velferðarsvið Kópavogsbæjar 2,7 milljónir fyrir gistinætur í nóvember fyrir gistingu í Konukoti, gistiskýlinu Grandagarði og Lindagötu.

Almenn félagsleg ráðgjöf, fjárhagsaðstoð og aðstoð vegna fíknivanda er veitt af félagsráðgjöfum velferðarsviðs til allra einstakling sem eiga lögheimili í Kópavogi og þurfa á þjónustu velferðarsviðs að halda.

Frá árinu 2017 hefur verið starfrækt áfangaheimili á vegum Samhjálpar í Kópavogi. Velferðarsvið Kópavogsbæjar er með þjónustusamning við Samhjálp um daglegan rekstur og umsýslu áfangaheimilisins. Á heimilinu geta allt að átta karlmenn búið á hverjum tíma en áfangaheimilið er hugsað sem tímabundið búsetuúrræði þar sem íbúar fá einstaklingsmiðaða þjónustu sem felur í sér stuðning, leiðsögn og eftirfylgd við athafnir daglegs lífs. Langtímamarkið með dvöl á áfangaheimili er að íbúar geti tileinkað sér heilbrigðari lífsstíl, auki færni sína til þátttöku í daglegu lífi með virkni og öðlist færni til sjálfstæðrar búsetu. Samstarf velferðarsviðs og Samhjálpar hefur gengið mjög vel og er vikuleg viðvera félagsráðgjafa velferðarsviðs á áfangaheimilinu til þess fallinn að mæta þörfum íbúanna fyrir félagslega ráðgjöf og styðja til sjálfshjálpar.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur gerðu með sér samkomulag á árinu 2022 þar sem ráðinn var verkefnastjóri tímabundið til þess að kortleggja stöðu heimilislausra einstaklinga með miklar og flóknar stuðningsþarfir. Verkefnastjórinn mun skila skýrslu og tillögum í upphafi ársins 2023 þar sem horft verður til mögulegs samstarfs sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu í málefnum heimilislausra.

Brýnt er að skoða heildrænt stöðu heimilislausra með miklar og flóknar stuðningsþarfir og lagt til að tekið verði mið af þeim tillögum þegar þær liggja fyrir áður en ákvörðun er tekin um aðkomu að dagsetri á vegum Hjálpræðishersins. Þörf fyrir dagsetur er sannarlega brýn og líkleg til að falla að þeim tillögum sem lagðar verða fyrir sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Eins er brýnt að huga að sjónarmiðum þeirra einstaklinga sem nýta sér þá þjónustu sem stendur heimilislausum til boða í dag með framtíðarstefnumótun málaflokksins í huga.

Virðingarfyllst,

Sigrún Þórarinsd.

Sigrún Þórarinsdóttir
Sviðsstjóri velferðarsviðs Kópavogsbæjar

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026